



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

1. Aukin þrif vegna Covid-19

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um samtals 94.338 þ.kr til að fjármagna aukinn þrif vegna Covid 19 í 2 mánuði. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-94.338
ÍTR	xxx	Aukin þrif og hreinlætisvörur pr. mán	Til	600
VEL	xxx	Aukin þrif og hreinlætisvörur pr. mán	Til	11.216
MOF	xxx	Aukin þrif og hreinlætisvörur pr. mán	Til	2.628
SFS	xxx	Aukin þrif og hreinlætisvörur pr. mán	Til	71.600
USK	xxx	Aukin þrif og hreinlætisvörur pr. mán	Til	2.500
ÞON	xxx	Aukin þrif og hreinlætisvörur pr. mán	Til	5.794
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs 2. mars 2020, R20030002, tillaga um aukin þrif vegna Covid-19.

Samantekt sviða:

Velferðarsvið áætlað að aukinn kostnaður vegna þrifa nemi 5,607 m.kr. á mánuði.

Þeir aðilar sem annast ræstingu hafa verið beðnir um að auka við ræstingu og sóttþreinsun.

Auk reglubundinna þrifa eru snertifletir sóttþreinsaðir daglega. Snertifletir sem um ræðir eru hurðahandföng, stigahandrið, skrifborð, stólar, afgreiðsluborð, skjáir, snyrtingar, kaffivélar, ísskápar, blöndunartæki, lyftuhappar, slökkvarar, hurðaopnarar o.fl.

VEL	Áætlun pr. mán
Dagar	1.920.582
Hreint ehf	526.479
Sólarræsting	904.467
Önnur þrif	750.000
Innkaup á hreinlætisvörum	1.505.937
Samtals áætlun fyrir VEL	5.607.465

Skóla- og frístundasvið áætlað að aukinn kostnaður vegna þrifa nemi 35,8 m.kr. á mánuði.

Þeir aðilar sem annast ræstingu í útvistun fyrir skóla og frístundasvið hafa verið beðnir að auka við ræstingu og sóttþreinsun á meðan þörf er talin á. Allmennt er verið að tala um aukna ræstingu og sóttþreinsun daglega í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfsemi.

Skóla og frístundavið hefur beðið þessa þjónustuaðila að senda sér reikninga fyrir aukna þjónustu og merkja þá verkefnanúmerinu MC19 sem er Covit 19 kostnaður.

Dagar hf sóttþreinsa snertifleti og styðjast við hreinlætisstaðalinn DS2451-10 sem er viðurkenndur staðall og unnið er eftir á stöðum þar sem ítrustu kröfur eru gerðar um hreinlæti.

Aðgerðin felst í því að eftir reglubundin þrif eru snertifletir sóttþreinsaðir sérstaklega, fletir sem um ræðir eru hurðahandföng, stigahandrið, skrifborð og stólar, afgreiðsluborð, snertiskjái, snyrtingar og vaskar. Sem sagt allir fletir sem fólk snertir með fingrum eða höndum. Því tíðari sem þrif og sóttþreinsun er því minni hættu á krossmengun.

Hreint ehf. gerir breytingar á áherslum í reglulegum ræstingum. Með þessu munum þeir færa áherslu á sameiginlega mikið snerta fleti s.s. eins og slökkvara, hurðarhúna, handrið, kaffivélar, handföng ísskápa (sambærilegt) og blöndunartæki Þetta mun þó mun aldrei koma í stað fyrir mikilvægi vandaðs handþvottar og persónulegu hreinlæti því tengt.

SFS	Áætlun pr. mán
Leikskólar	Daglega
Dagar	10.989.059
Hreint	3.063.750
Sólaræsting	295.267
Eigin þrif - aukn.	200.000
Samtals	14.548.076
Grunnskólar	
Dagar	1.121.333
Hreint	1.838.250
Sólaræsting	359.523
Hreinarlínur	919.125
B.G. þjónustan	306.375
Eigin þrif - aukn.	12.200.000
Samtals	16.744.606
Frístund	
Dagar	1.569.866
Hreint	3.063.750
Samtals	4.633.616
Samtals áætlun fyrir SFS	35.926.298

Sólaræsting ehf eru með fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir influensusmiti. Þetta á við helstu snertifleti, slökkvara, hurðarhúna, handrið, (lyftuhappar ef við á),snertiskjái, lyklaborð, vaska og krana.

Áætlað er að aukin ræsting taki eina til tvær klukkustundir í hvert skipti á starfsstað í áætlun er miðað við 1,5 kls.

Áætlaður kostnaður á mánuði hjá þeim skólum sem eru með aðkeypta ræstingu er 14,4 m.kr. í leikskólum, 4,5 m.kr. í grunnskólum og 4,6 m.kr. í starfsstöðum frístundamiðstöðva. samtals er kostnaðaráætlun sfs 23,5 m.kr. á mánuði. Áætlaður sá kostnaður sem fellur til í skólum sem þrifa sitt húsnæði sjálfir að hluta eða öllu leiti er í grunnskólum áætlaður 12,2 m.kr. og í leikskólum 0,2 m.kr. eða samtals 12,4 m.kr.. Miðað við þetta er kostnaður borgarinnar áætlaður 35,9 m.kr. á mánuði.

Umhverfis- og skipulagssvið áætlað að aukinn kostnaður vegna þrifa nemi 1,25 m.kr. á mánuði.

USK	Áætlun pr. mán
Bílahús við Traðarkot, Stjörnuport, Kolaport og Vitatorg	969.666
Þjónustumiðstöð Stórhöfða, hverfastöðvar og verkþækistöðvar skrifstofu þjónustu og reksturs borgarlandsins	470.000
Samtals áætlun fyrir USK	1.439.666

- 1) Bílahús við Traðarkot, Stjörnuport, Kolaport og Vitatorg
Má -mið – Föst væri 1 klst pr stað sem er á 6.954
Þriðj og fimm 2 klst pr stað 13.908 pr stað (dagana sem við erum ekki að ræsta)
- 2) Þjónustumiðstöð Stórhöfða, hverfastöðvar og verkþækistöðvar skrifstofu þjónustu og reksturs borgarlandsins = 470.000 á mánuði.

Menningar- og ferðamálasvið áætlað að aukinn kostnaður vegna þrifa nemi 1,314 m.kr. á mánuði.

MOF hefur tekið saman áætlaðan mánaðarlegan kostnað vegna þrifa, þ.e. aukna þrífvinnu og útlagðan viðbótarkostnað vegna kaupa á sérstökum vörum vegna þessa.

MOF	Áætlun pr. mán
Listasafn Reykjavíkur	400.000
Borgarsögusafn	464.000
Borgarbókasafn	450.000
Samtals áætlun fyrir VEL	1.314.000

Íþróttá- og tómstundasvið áætlað að aukinn kostnaður vegna þrifa nemi 0,3 m.kr. á mánuði.

Í starfsemi Hins Hússins er verið að sinna um 65 fötluðum ungmönnum allt árið auk þess eru um 50 starfsmenn að vinna í Hinu Húsinu og fjögur félagasamtök eru með aðsetur þar. Gestir sem heimsækja Hitt Húsið eru um 35.000 á ári.

Ungmennin sem eru í Frístund Fatlaðra eru mörg með mikla fötlun og undirliggjandi sjúkdóma og eru því í áhættuhóp mörg hver.

Í Hinu húsinu er einn starfsmaður sem sér um öll þrif í húsinu sem eru um 2.200 fm². Þetta er mikil vinna fyrir þann starfsmann að sinna almennum þrifum og er því óskað eftir auka fjármagni til fyrir viðbótarþrifum.

Viðbótarþrif felast þá í því að sótthreinsa húsnæði og búnað reglulega. Áætlaður kostnaður vegna þess er um 300.000 kr. á mánuði á því tímabili sem COVID 19 faraldur gengur yfir.

Þjónustu og nýsköpunarsvið áætla að aukinn kostnaður vegna þrifa í stjórnsýsluhúsum nemi 2,897 m.kr. á mánuði.

Dagar eru með samning við borgina um ræstingu í stjórnsýsluhúsum og því er leitað til þeirra varðandi aukaprif á borð við það sem hér um ræðir.

Aukaprif í stjórnsýsluhúsum (Höfðatorgi, Ráðhúsi og Tjarnargötu 12) nema samtals 16 tímum á dag.

Meðaltals mánaðarlegur kostnaður við þau miðað við þá auka ræstingaráætlun er nú er starfað eftir er áætlaður kr. 2.897.315 m. vsk. (kr. 137.967 pr. dag m. vsk) Miðað er við 21 dag í mánuði í þessum tölum þar sem ekki er um að ræða aukaræstingar um helgar eins og staðan er í dag. Mikilvægt er að halda því til haga að ræstingaráætlanir, tíðni og fleira geta breyst í takti við ástand, þarfir og ákvarðanir neyðarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson